

Ályktun um málefni fatlaðs fólks.

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á Alþingi að tryggja til framtíðar viðunandi fjármagn til reksturs Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Að sama skapi er brýnt að fjárveiting fái í fjárukalögum fyrir árið 2015 til að leiðrétta stöðu BsVest á árinu 2015 í samræmi við ályktanir og samþykktir sveitarstjórna á Vestfjörðum um málefnið. Ef fjármagn til málaflokksins verður ekki aukið umtalsvert eru ekki aðrir möguleikar í stöðunni fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum en að skila verkefninu til ríkisins.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Ályktun nr. 11

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á Alþingi að auka við fjárheimildir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, þannig að unnt sé að tryggja framúrskarandi heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði stofnunarinnar. Við sameiningu heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði við heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði voru gefin fyrirheit um bættu þjónustu, en möguleikar stofnunarinnar til að sinna grunnþjónustu miðað við núverandi fjárheimildir gefa ekki tilefni til bjartsýni. Þvert á móti er áhyggjuefni að fjárheimildir virðast varla duga til brýnasta rekstrar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga